# AAM GLEQ3
## Fagfjárfestasjóður

## Árshlutareikningur 30. júní 2016

AAM GLEQ3
Borgartún 27
105 Reykjavík
Kt. 601115-9990

# Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ........ 3

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Breytingar á hreinni eign ........ 7

Yfirlit um fjárfestingar ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

AAM GLEQ3 er fagfjárfestasjóður sem starfar skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Sjóðurinn er lokaður sjóður og eingöngu ætlaður fagfjárfestum. Sjóðurinn var stofnaður í nóvember 2015. Sjóðurinn fjárfestir í sértryggðum skuldabréfum útgefnum af íslenskum fjármálafyrirtækjum og afleiðum á safn hlutabréfavísitalna, sem er fjármagnað með útgáfu skuldabréfa og annarra fjármálagerninga.

Rekstur sjóðsins er í höndum ALDA sjóða hf.

Árshlutareikningur sjóðsins er hluti af B-hluta árshlutareiknings ALDA sjóðir hf. sem inniheldur árshlutareikninga verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur FME um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Hagnaður tímabilsins nam 19 þús. kr. sem færist til hlutdeildarskírteinishafa. Hrein eign hlutdeildarskírteinishafa í lok júní 2016 nam 272 þús. kr.

**Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra**
Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016, efnahag hans 30. júní 2016 og breytingu á hreinni eign á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn og framkvæmdastjóri ALDA sjóða hf. hafa í dag rætt árshlutareikning sjóðsins fyrir fyrri helming ársins 2016 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. ágúst 2016.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

**Til hlutdeildarskírteinishafa**

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning AAM GLEQ3 fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu hans 30. júní 2016 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 31. ágúst 2016.

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2016

| | Skýr. | 2016<br>1.1.-30.6. | 2015<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur, gengismunur | | 2.042 | 0 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og þóknanir | | 0 | 0 |
| **Hreinar fjármunatekjur** | 1-2 | 2.042 | 0 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Umsýsluþóknun | 3 | 2.023 | 0 |
| **Rekstrargjöld samtals** | | 2.023 | 0 |
| **Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini** | | 19 | 0 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2016

| | Skýr. | 30.6.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Verðbréf með föstum tekjum | 4 | 634.756 | 657.928 |
| Afleiðusamningar | 5 | 127.075 | 152.621 |
| Fjárfestingar samtals | | 761.831 | 810.549 |
| Skammtímakröfur | | 75 | 75 |
| Handbært fé | 7 | 34.497 | 35.464 |
| Veltufjármunir samtals | | 34.572 | 35.539 |
| **Eignir samtals** | | 796.403 | 846.088 |
| **Skuldir** | | | |
| Langtímaskuldir | 6 | 795.135 | 845.440 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | | 996 | 395 |
| Skuldir samtals | | 796.131 | 845.835 |
| Hlutdeildarskírteini | 9,10 | 272 | 253 |
| **Skuldir og hlutdeildarskírteini samtals** | | 796.403 | 846.088 |
| Hrein eign | | 272 | 253 |
| Fjöldi eininga | | 250 | 250 |
| Gengi sjóðsbréfa í lok tímabilsins | | 1,09 | 1,01 |

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign
# 1. janúar til 30. júní 2016

| | 2016<br>1.1.-30.6 | 2015<br>1.1.-30.6 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Hagnaður tímabilsins | 19 | 0 |
| **Breyting á hreinni eign** | 19 | 0 |
| **Hrein eign í ársbyrjun** | 253 | 0 |
| **Hrein eign í lok tímabilsins** | 272 | 0 |

# Yfirlit um fjárfestingar 30. júní 2016

| | 30.6.2016 | | 31.12.2015 | |
|---|---|---|---|---|
| | Markaðs-verð | % af hreinni eign | Markaðs-verð | % af hreinni eign |
| **Fjárfestingar** | | | | |
| Land 15 2 | 634.756 | 79,7% | 657.928 | 77,8% |
| **Afleiðusamningar** | | | | |
| Valréttarsamningar | 127.075 | 16,0% | 152.621 | 18,0% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 761.831 | 95,7% | 810.549 | 95,8% |
| Handbært fé | 34.497 | 4,3% | 35.464 | 4,2% |
| Ýmsar kröfur | 75 | 0,0% | 75 | 0,0% |
| Eignir samtals | 796.403 | 100,0% | 846.088 | 100,0% |

# Skýringar

**1. Reikningsskilaaðferðir**

***a. Grundvöllur reikningsskilanna***

Árshlutareikningur AAM GLEQ3 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur FME um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreglu að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

AAM GLEQ3 er lokaður sjóður og eingöngu ætlaður fyrir fagfjárfesta og er því lokaður fyrir viðskiptum almennings.

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðandir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

***b. Erlendir gjaldmiðlar***

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi á uppgjörsdegi. Áfallinn gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning. Rekstrartekjur og rekstargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

***c. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld***

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Gengismunur vegna verðbréfa er færður til tekna eða gjalda miðað við síðasta skráða kaupgengi í lok ársins.

**2. Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)**

Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) sundurliðast þannig:

| | **2016 1.1.-30.6.** |
|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur | 727 |
| Gengismunur | 1.315 |
| Fjármunatekjur samtals | 2.042 |
| | |
| Gengismunur | 0 |
| Fjármagnsgjöld samtals | 0 |
| | |
| Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals | 2.042 |

**3. Umsýsluþóknun**

Sjóðurinn greiðir rekstrarfélaginu, ALDA Sjóðir hf., umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins, svo sem laun starfsmanna og markaðskostnað. Umsýsluþóknunin reiknast sem 0,5% af heildareignum sjóðsins.

**4. Bundnar bankainnstæður**

Bundnar bankainnstæður er innlánssamningur, bundinn til þriggja ára.

**5. Afleiður**

Afleiðusamningar eru valréttarsamningar og eru skráðir á gangvirði í lok júní 2016.

## 6. Langtímaskuldir

Langtímaskuld AAM GLEQ3 er skuldabréf. Bréfið er eingreiðslubréf þar sem hækkun er tengd ávöxtun erlendrar vísitölukörfu. Gjalddagi bréfsins er í desember 2022. Fjárhæð skuldabréfsins er USD 6.636.000. Skuldin er sýnd í efnahagsreikningi með áföllnum gengismun og gengismunur er færður í rekstrarreikning. Skuldabréfið er óverðtryggt og ber ekki vexti. Allar eignir AAM GLEQ3 eru til tryggingar greiðslu skuldabréfsins.

## 7. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankareikningum hjá innlánsstofnunum og áföllnum vöxtum.

## 8. Skattamál

Fagfjárfestasjóðir eru ekki sjálfstæðir skattaðilar og greiða ekki tekjuskatt. Hagnaður eða tap af rekstri þeirra er skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af skírteinum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

## 9. Hlutdeildarskírteini

Raunávöxtun greinist þannig:

| | Síðustu 3 mánuði | Síðustu 6 mánuði | Síðustu 12 mánuði |
|---|---|---|---|
| AAM GLEQ3 ........ | 2,60% | 5,90% | - |

## 10. Bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina 30. júní 2016 greinist þannig:

| | Bókfært verð | | | Gengi | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 30.6.2016 | 31.12.2015 | 31.12.2014 | 30.6.2016 | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
| AAM GLEQ3 ........ | 272 | 253 | - | 1,09 | 1,01 | - |

## 11. Sundurliðun og hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Sundurliðun fjárfestinga sjóðsins greinist með eftirfarandi hætti:

| | Hlutabréf | | Annað | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | kr. | | kr. | % | kr. | % |
| Verðbréf ........ | 0 | 0,0% | 634.756 | 83,3% | 634.756 | 83,3% |
| Aðrir fjármálagerningar ..... | 0 | 0,0% | 127.075 | 16,7% | 127.075 | 16,7% |
| | 0 | 0,0% | 761.831 | 100,0% | 761.831 | 100,0% |